



175. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 11. okt. 2013 kl. 12:00.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Jón G. Valgeirsson, Jón Hjartarson, Olga Líska Garðarsdóttir, Rákel Lind Úlfhéðinsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Þórarinn Ingólfsson og Ægir Pétur Ellertsson. Sigprúður Harðardóttir boðaði forföll. Sérstakur gestur fundarins var Örlygur Karlsson

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn.

Dagskrá:

1. Staða viðbyggingarmála við Hamar

- ✚ Fundurinn var haldinn vegna þess að í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 hefur verið hætt við að fara af stað með viðbygginguna við Hamar.
- ✚ Umræður urðu um það að SASS væri farið að vinna í málinu og var í framhaldinu ákveðið að hafa samband við Þorvarð Hjaltason framkvæmdastjóra SASS. Hann sagðist ekki vita mikið um málið og kom fram hjá honum að SASS væri ekki formlega farið að vinna að því að fá fjármagn frá ríkinu til framkvæmdanna. Hann benti á að þingmenn Suðurlands yrðu á ferðinni í næstu viku og væri ástæða til að ræða við þá.
- ✚ Ákveðið var á fundinum að skólameistari, formaður skólanefndar og formenn héraðsnefnda ræði saman um aðgerðir til að knýja á um áframhald á viðbyggingunni við Hamar. Mikilvægt er að skólanefndarmenn verði upplýstir um framgang mála.
- ✚ Rætt um bréf frá skólanefnd MA sem senda á til Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra. Í bréfinum koma fram áhyggjur vegna fjárveitinga til framhaldsskólanna. Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands getur tekið undir allt sem þar kemur fram og því sé í lagi að setja nafn hennar undir bréfið.

Næsti fundur er fyrirhugaður 26. nóvember

Fundi slitið kl. 13:15

Fundarritari,

Þórarinn Ingólfsson